

STJÓRNARTÍÐINDI A 12 — 1980

23. maí 1980.

213

Nr. 34.

L Ö G

um breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940, sbr. lög nr. 101/1976.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

50. gr., sbr. 5. gr. laga nr. 101/1976, orðist svo:

Eigi má beita hærri fésekt en 30 milljónum króna, nema heimild sé til þess í öðrum lögum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík 23. maí 1980.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Friðjón Þórðarson.

23. maí 1980.

Nr. 35.

L Ö G

um Heyrnar- og talmeinstöð Íslands.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkið starfrækir stofnun, sem nefnist Heyrnar- og talmeinstöð Íslands. Stofnunin skal skipuð yfirlækni, sérmenntuðum í heyrnarfræði, í fullu starfi og skal hann annast faglega stjórn stofnunarinnar. Honum til aðstoðar skal vera yfirheyrnar- og taluppeldisfræðingur. Aðrir starfsmenn stofnunarinnar skulu vera heyrnar- og taluppeldisfræðingar, heyrnarritarar, tæknimenn, hlustarstykkjasmiðir ásamt aðstoðarfólki.

2. gr.

Ráðherra skipar yfirlækni að fengnum tillögum stöðunefndar samkvæmt lögum nr. 57/1978 um heilbrigðisþjónustu. Ennfremur skipar ráðherra yfirheyrnar-

A 27